




DEILISKIPULAG FLÓAHVERFIS, AKRANESI - BREYTING




Gildandi deiliskipulag, mkv. 1:2.000

SKÝRINGAR



Aðalskipulag Akraness 2021-2033, staðfest 27.12.2022. Mkv. 1:10.000



Breytt deiliskipulag, mkv. 1:2.000

Breyting á deiliskipulagi vegna jarðstrengs

Háspennustrengur, flutningslína raforku í eigu Landsnets, liggur meðfram Kelduflóa. Í deiliskipulagi var miðað við að strengurinn yrði í grænu svæði milli götu og lóða nr. 2, 4, 6 og 8. Við innmælingu strengsins kom í ljós talsvert frávik frá þeim línunum, sem miðað var við í breyttu deiliskipulagi sem samþykkt var 22.3. 2022 myndi strengurinn að óbreyttu verða undir akbrautarbrún Kelduflóa.

Deiliskipulagi er nú breytt til þess að ekki þurfi að flytja jarðstrenginn. Kelduflóa er hliðrað til norðvesturs um 3,5 m. Lóðamörk Kelduflóa 1 og 3 og Selflóa 3 breytast til samræmis og lóðirnar minnka lítillega. Lóðir við Kelduflóa 2, 4, 6 og 8 eru stækkaðar um 2,5 til norðvesturs. Með breytingunni verður jarðstrengurinn sem næst í miðju græna svæðisins milli götu og lóða.

Enging breyting er gerð á skipulagsskilmálum.

Breytingar á skipulagsupprætti

- Kelduflóa er hliðrað um 3,5 m til norðvesturs.
- Lóðir við Kelduflóa 1 og 3 og Selflóa 3 eru minnkaðar til samræmis.
- Lóðir við Kelduflóa 2, 4, 6 og 8 eru stækkaðar um 2,5 m til norðvesturs.
- Útfærslu snúningssvæðis í norðurenda Kelduflóa er breytt lítillega.
- Lega jarðstrengs er leiðrétt miðað við innmælingu.

Umhverfismatsskýrsla

Breytingin er í samræmi við meginlínur deiliskipulagsins og felur ekki í sér breytta stöðu lóðarhafa nema vegna minni háttar breytinga á flatarmáli lóða. Breytingin hefur hvorki áhrif á umhverfi né samfélag umfram óbreytt skipulag.

Með breytingunni er stuðlað að hagkvæmni í framkvæmdum við gatnagerð og komist hjá kostnaðarsömu óhagræði við flutning á jarðstreng.

Breytingin er óveruleg og hefur á þessu stigi engin áhrif á aðra hagsmunaaðila en Akraneskaupstað og Landsnet auk lóðarhafa einnar lóðar, sem haft var samráð við vegna breytingarinnar.

Samþykkt

Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt í bæjarstjórn Akraness skv. ákvæðum 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

_____ 2023

_____ bæjarstjóri Akraness

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2023.

Deiliskipulag Flóahverfis Breyting: Hliðrun Kelduflóa og breytingar á lóðamörkum og lóðastærðum	10
Bláðstærð A2 Verk 22-717/23-759 Dags: 22.8.2023	
 SKIPULAGS- OG UMHVERFISSVIÐ	 TEIKNA TEIKNISTOFA ARKITEKTA